

ÞORGEIR SIGURÐSSON

ARINBJARNARKVIÐA – UPPSKRIFT FRÁ ÁRNA MAGNÚSSYNI

1. Inngangur

ARINBJARNARKVIÐA Egils Skalla-Grímssonar er aðeins varðveitt í einu miðaldariti, á síðu 99v í *Möðruvallabók* (AM 132 fol.), að frátöldum stökum tilvitnunum í umfjöllun um skáldskap annars staðar. Síðan er nú skemmd og erfitt er að lesa hana, en það var auðveldara á 17. öld þegar elstu pappírsuppskriftir hennar voru gerðar.¹ Þær eru því sérstaklega mikilvæg heimild um kviðuna. Þegar Árnaneftnd í Kaupmannahöfn undirbjó fyrstu prentun kviðunnar undir lok 18. aldar var aðeins til ein uppskrift hennar í Árnasafni upp úr 99v *Möðruvallabókar*, í handriti *Egils sögu* AM 146 fol. (88v–90r) sem skrifað var í Noregi 1690–97.² Til var önnur uppskrift á Íslandi sem nú er varðveitt á Landsbókasafni í samtíningshandritinu ÍB 169 4to (17r–18v) og inniheldur átta vísuorð til viðbótar þeim sem eru í 146. Báðar þessar uppskriftir voru notaðar við útgáfu Árnaneftndar á *Egils sögu* 1809.³ Guðbrandur Vigfússon gaf kviðuna út að nýju 1883 og Finnur Jónsson 1886. Þeir studdust báðir við *Möðruvallabók*, útgáfu *Egils sögu* 1809 og AM 146 fol., en hvorugur þekkti hins vegar ÍB 169 4to. Í útgáfu *Egils sögu* 2001 á vegum Árnaneftndar í Kaupmannahöfn⁴ var staf- og bandréttur

- 1 Gómul eftirmynd af 20. erindi kviðunnar í *Möðruvallabók* sýnir ljóslega að handritið var læsilegra um aldamótin 1800 en það er nú, en hún fylgdi útgáfu *Egils sögu* 1809. Myndin er gerð með tækni síns tíma en ekki er víst að hún sé koparstunga eins og ég þó kallaði hana í grein minni „Arinbjarnarkviða – varðveisla“, *Són* 11 (2013):15.
- 2 Sjá Már Jónsson, „Skrifarinn Ásgeir Jónsson frá Gullberastöðum í Lundarreykjadal,“ í Guðmundur Jónsson, Helgi Skúli Kjartansson og Vésteinn Ólason, ritstj., *Heimtur: Ritgerðir til heiðurs Gunnari Karlssyni sjötugum* (Reykjavík: Mál og menning, 2009), 285.
- 3 *Egils-saga, sive Egilli Skallagrimii vita*, útg. Guðmundur Magnússon og Grímur Jónsson Thorkelín (Kaupmannahöfn: Kommissionen for det Arnamagnæanske legat, 1809).
- 4 *Egils saga Skallagrimssonar*, 1. b., *A-redaktionen*, útg. Bjarni Einarsson (og Michael Chesnutt), Editiones Arnamagnæanæ, röð A, 19. b. (Kaupmannahöfn: Reitzel, 2001). Bjarni féll frá árið 2000 og Michael Chesnutt lauk útgáfunni. Bjarni náði ekki að ganga frá köflum um *Arinbjarnarkviðu* til birtingar „i enegyldig form“, sbr. xxxix.

texti Finns birtur en bætt við leiðréttingum Jóns Helgasonar, sem þó gat aðeins leiðrétt rithátt nokkurra orða.⁵

Lengi hefur verið talið að uppskriftin í AM 146 fol. sé elsta varðveitta pappírsuppskrift kviðunnar, en í grein í *Són* 2013 rökstuddi ég þvert á móti að kviðan í ÍB 169 4to sé eldri.⁶ Þetta kallar á skýringar á því hvers vegna vantar vísuorð í 146. Í grein í *Griplu* 2010 setti Michael Chesnutt fram þá skýringu að Árni Magnússon hefði viljandi stytt kviðuna með þessum hætti þar sem hann treysti ekki textanum. Chesnutt gerði þó ekki ráð fyrir að í 169 væri eldri uppskrift en í 146. Svo heppilega vill til að brot er varðveitt af þriðju uppskrift kviðunnar frá 17. öld sem nota má til að styðja kenningu Chesnutt. Verður það nú gert.

2. Uppskrift í eigu biskups

Þormóður Torfason (1636–1719), konunglegur sagnaritari á Körmt í Noregi, lét skrifara sinn Ásgeir Jónsson gera a.m.k. tvö eintök af *Egils sögu* skömmu fyrir aldamótin 1700. Hann lét setja *Arinbjarnarkviðu* inn í söguna eftir afriti sem hann fékk frá Árna Magnússyni, samkvæmt því sem Árni skrifar á seðil sem fylgir AM 146 fol.:

Þesse drapa stendr i eingum Eigils Sögum, nema þeim er Þormodr hefr lated skrifa. hann feck drapuslitred fra mier, og let það so setia inn i sin Exemplaria, qvæ interpolatio ferenda non est.

I öðru Exemplare, eins og þessu, med hendi Asgeirs, er og drapan, það feck Etats Raad Meier hia Þormodi, og eg epter Meier.⁷

Árni kallar hér kviðuna „slitur“ og segir hana „óviðunandi“ innskot í söguna. Vitnisburður Árna um að kviðan í 146 sé frá honum sjálfum komin hefur þó tryggt að nokkru gildi hennar þar sem búast mætti við vandaðri

5 Þorgeir Sigurðsson, „Arinbjarnarkviða – varðveisla,“ 18–19.

6 Þorgeir Sigurðsson, „Arinbjarnarkviða – varðveisla,“ 16–19.

7 Eintakið sem Árni segist hér hafa fengið eftir Meier, og innihélt systuruppskrift *Arinbjarnarkviðu* í AM 146, er nú glatað, sbr. *Arne Magnussons i AM. 435 a–b, 4to indeholdte håndskriftfortegnelser med to tilleg*, útg. Kristian Kålund (Kaupmannahöfn: Jørgensen & Co., 1909), 52.

uppskrift úr þeirri átt.⁸ Þannig kallaði Guðbrandur Vigfússon uppskriftina í 146: „Arni Magnusson’s, c. 1700, which copy we have in Asgeir Jonsson’s hand (in AM. 146, folio).”⁹

Í *Egils sögu* Árnanevndar 1809 er sagt frá uppskrift *Arinbjarnarkviðu* í 169 þar sem kviðan var með átta vísuorðum til viðbótar við 146, sem samsvarar þremur línnum í hægri dálki í *Möðruvallabók*. Sá texti var sóttur til pappírsuppskriftar í eigu Hannesar Finnssonar biskups (b. 1785–96).¹⁰ Ekki er útskýrt hvers vegna uppskriftin barst til Íslands en bæði Hannes og faðir hans, Finnur biskup Jónsson, unnu við Árnasafn. Finnur vann m.a. við björgun safnsins í brunanum mikla 1728 og gekk síðastur út úr logunum.¹¹ Michael Chesnutt telur að eftir skriftinni að dæma sé kviðan í 169 rituð á fyrri hluta 18. aldar, þótt hann útiloki ekki að hún sé forrit 146.¹²

The copy of the poem is in a hand that I would judge to be from the first half of the eighteenth century, and the title explicitly states that it is from M: ‘Drapa Egils Skallagrimssonar er hann orte um Arinbiorn hersir. Ex membrana Magnæj’ (f. 17r1–2).

The text of *Arinbjarnarkviða* in ÍB 169 is closely related to that in AM 146 fol., a copy of *Egils saga* written by Ásgeir Jónsson after he had left Denmark to work for the historian Torfæus. We have Árni Magnússon’s word for it that the poem in AM 146 was borrowed from a transcript he had sent to Torfæus. Had the latter contained the last three lines that Finnur Jónsson was able to read on f. 99v in M, and that are also transmitted in ÍB 169, we should expect Ásgeir Jónsson to have included them, but he did not. Two

8 Í handritinu AM Accessoria 28 er uppskrift *Arinbjarnarkviðu* sem Bjarni Einarsson taldi skrifaða á Íslandi eftir ÍB 169 á seinni hluta 18. aldar. Í uppskriftaröðinni stendur hún því jafn nálægt eða nær *Möðruvallabók* en AM 146, en þar sem Árni Magnússon kom ekki að gerð hennar liggur hún utan máls hér og hefur ekki áhrif. Sjá Bjarni Einarsson, „Om den Arnamagnæanske kommissions udgave af *Egils saga Skallagrimssonar* (1809),“ *Gripla* 21 (2010):14.

9 *Corpus poeticvm boreale: The Poetry of the Old Northern Tongue from the Earliest Times to the Thirteenth Century*, útg. Guðbrandur Vigfússon, 2 b. (Oxford: Clarendon Press, 1883), 1:271.

10 *Egils-saga, sive Egilli Skallagrimii Vita*, 648.

11 Már Jónsson, *Árni Magnússon: Ævisaga* (Reykjavík: Mál og menning, 1998), 331.

12 Michael Chesnutt, „On the Structure, Format and Preservation of *Möðruvallabók*,“ *Gripla* 21 (2010):159–60.

explanations seem possible: (a) these lines had not been read under Árne Magnússon's auspices, and ÍB 169 is an independent copy of the original in M – perhaps revising Ásgeir's text in AM 146, in which case it must postdate the transfer of Torfæus's manuscripts to Denmark after his death in 1719; (b) they had indeed been read, but Árne found the text doubtful and suppressed it in the copy he sent to Norway – in which case ÍB 169 may be a sister text of AM 146 or even, if early enough, its source. A more thorough treatment of this problem is clearly needed.

Sé fyrri möguleikinn réttur, að textarnir í 169 og 146 hafi verið lesnir sjálfstætt úr *Möðruvallabók*, mætti búast við einhverjum efnislegum mun á þeim. Munurinn er hins vegar eingöngu í stafsetningu og atriðum sem rekja má til lagfæringa 146 á 169.¹³ Um síðari möguleikann, að Árne hafi stýtt kviðuna, gildir óvissa um aldur uppskriftarinnar í 169 því að hún þyrfti eðli málsins samkvæmt að vera a.m.k. frá 17. öld til þess að vera eldri en uppskrift 146. Góðar líkur eru á að svo sé vegna vatnsmerkis sem er í pappír kviðunnar.¹⁴ Óvissa er einnig um hvort forrit 146 hafi skort vísuorðin átta þótt Chesnutt geri ráð fyrir því, en eins og hér verður sýnt er hluti afritsins frá Árna líklega varðveittur í pappírshandritinu AM 554 f 4to þar sem kviðan var sýnilega „stutt“.

3. Kviðan frá Árna

Vænlegur staður til að leita að forriti kviðunnar í 146 er á meðal þeirra handrita sem Árne eignaðist eftir Þormóð Torfason. Í skrá Árna um þessi handrit er *Arinbjarnarkviðu* að sönnu getið og hún kölluð „ólæsileg“. Árne segir ennfremur að Ásgeir Jónsson hafi skrifað hana „ex Codice meo,“ sem eðlilegast er að skilja þannig að ritað hafi verið beint eftir *Möðruvallabók*.¹⁵

13 Nokkur rökstuðningur fyrir þessu er í grein minni „Arinbjarnarkviða – varðveisla,“ en taka mætti saman enn ítarlegri greinargerð þessu til stuðnings.

14 Vatnsmerkið er með skjaldarmerki Amsterdamborgar og fangamarkið AJ stendur undir. Rannver H. Hannesson, forvörður í Landsbókasafni-Háskólabókasafni, telur sterkar líkur á að pappírinn sé frá þremur seinustu áratugum 17. aldar, sbr. athugun hans á blöðum 16–21 í ÍB 169 gerða fyrir höfund 28. apríl 2014.

15 AM 435 b 4to: *Catalogus librorum manuscriptorum Thormodi Torfæi*; sbr. *Arne Magnussons i AM. 435 a–b, 4to indeholdte håndskriftfortegnelser*, 78.

Útgefendur *Arinbjarnarkviðu* hafa ekki sett fram neinar tilgátur um þessa athyglisverðu færslu um kviðuna „ólæsilegu“ en tvennt kemur til greina: (a) að hún hafi verið skrifuð í Noregi og sé systuruppskrift eða afrit 146, eða: (b) að hún sé skrifuð í Danmörku og hafi verið send til Noregs og sé þá líklega forrit 146. Hægt er að staðfesta hið síðara.

Samkvæmt því sem Árne segir í skrá sinni stóð kviðan í bók í fjórðungsbroti númer XIII. Árne tók þá bók í sundur og gerði efnisþætti hennar að sjálfstæðum bókum eða heftum og lýsti efni hvers þáttar og hver skrifað hefði (bókin var rituð af Eyjólfvi Björnssyni og Ásgeiri Jónssyni). Árne telur upp átján efnisþætti í bók XIII 4to sem skipta má í þrjá hluta. Í fyrsta hluta voru sex efnisþættir með hendi Eyjólfvi; þeir eru allir glataðir og reif Árne flesta þeirra í sundur að eigin sögn.¹⁶ Í öðrum hluta voru átta efnisþættir, þar á meðal uppskrift *Arinbjarnarkviðu*. Þessi hluti hefur blaðsíðutölin 1–368. Í þriðja hluta voru fjórir efnisþættir með hendi Ásgeirs og eru tveir þeirra varðveittir; sá fyrsti er *Hervarar saga* í AM 359 a 4to, skrifuð í Noregi.¹⁷ Eftirfarandi er lýsing Árna á innhaldi annars hluta bókarinnar. Sennilegar tilgátur um safnmörk eru frá Kristian Kálund¹⁸ og gömul blaðsíðutöl eru úr þeim heftum sem hafa viðkomandi safnmörk.

„Svarfdæla Saga, manu Eyolfi.“ AM 483 4to, bls. 1–112.

„Getspeki Heidreks konungs, manu Eyolfi.“ Ekki varðveitt.

„Solar liod Sæmundar prestz froda, manu Eyolfi.“ Ekki varðveitt.

„Fragment ur Liosvetninga Sögu manu Asgeiri. Var ritad epter minne bok sem er med hendi Jons Hakonar sonar, var mier onytt og er nu sundrrifed.“

„Saga af Hromundi Greips syne, manibus Asgeiri et Eyolfi.“ AM 587 b 4to, bls. 253–274.

16 *Arne Magnussons i AM. 435 a–b, 4to indeholdte håndskriftfortegnelser, 77.* Árne telur upp forrit þessara rita og átti hann þau væntanlega öll eða betri uppskriftir.

17 Sbr. *Heidreks saga: Hervarar saga ok Heidreks konungs*, útg. Jón Helgason, Samfund til udgivelse af gammel nordisk litteratur, 48. b. (Kaupmannahöfn: Samfund til udgivelse af gammel nordisk litteratur, 1924), x. Jón Helgason segir söguna vera skrifaða eftir handriti sem Þormóður hafði hjá sér í Noregi. Mögulegt er að bók XIII 4to hafi upphaflega verið tvær eða fleiri bækur þar sem ein bók hafi verið skrifuð í Danmörku og önnur í Noregi en einnig er hugsanlegt að Ásgeir hafa skrifað framhald bókarinnar eftir að bæði hann og bókin fóru til Noregs. Upphaflega gæti ætlunin hafa verið að Eyjólfur skrifaði einn bók XIII 4to fyrir Þormóð og færi með hana til Noregs en hann brugðist af einhverjum ástæðum og Ásgeir verið kallaður til.

18 *Arne Magnussons i AM. 435 a–b, 4to indeholdte håndskriftfortegnelser, 77–78.*

„Eigils drapa Skallagrims sonar um Arinbiorn. su hin olæselega, ex Codice meo, manu Asgeiri.“ Varðveitt óheil en hefur haft blaðsíðutöl 275–79. Bls. 279 er nú titilsíða eftirfarandi *Kormáks sögu*:

„Kormaks Saga, manu Eyolfi.“ AM 554 f 4to, bls. 279–334.

„Stjornu Odda draumur, prior pars manu Eyolfi, posterior manu Asgeiri.“ AM 555 í 4to, bls. 337–368.

Árni nefnir ekki hvað stóð á bls. 334–36. Krotað er yfir texta á bls. 334 sem stendur aftast í *Kormáks sögu* AM 554 f, en eitt blað með bls. 335 og 336 er týnt.¹⁹


Þar sem Eyjólfur og Ásgeir sátu ekki saman við skriffir nema á námsárum sínum í Kaupmannahöfn 1687–88 hljóta bls. 253–74 í öðrum hluta (með *Hrómundar sögu*) og bls. 337–68 (með *Stjornu-Odda draumi*) að vera frá þeim árum,²⁰ og nær öruggt er að það á einnig við um *Arinbjarnarkviðu* og *Kormáks sögu* sem á milli stóðu. Þetta þýðir að umrædd uppskrift *Arinbjarnarkviðu* hefur verið skrifuð 1687–88 í Kaupmannahöfn, þaðan sem hún mun hafa farið til Noregs og orðið forrit *Arinbjarnarkviðu* í AM 146 fol.

Arinbjarnarkviða stóð á tveimur blöðum (bls. 275–78), sem er mátulegt pláss ef hver langlína tekur eina línu í handriti (eins og í 169) og línubil er eins og í *Kormáks sögu* í AM 554 f, en eftir að þau voru fjarlægð stóð eftir stakt blað í lokakveri *Hrómundar sögu* og annað stakt blað í upphafskveri *Kormáks sögu*. Þessi stöku blöð hafa því myndað tvinn með glötuðum blöðum *Arinbjarnarkviðu*. Síðustu fjórar langlínur kviðunnar lentu á bls. 279, núverandi titilsíðu *Kormáks sögu*. Þegar Árni skildi blöðin með *Arinbjarnarkviðu* frá *Kormáks sögu* hefur hann væntanlega skrifað þessar langlínur upp og látið þær fylgja kviðunni í sérstöku hefti, en síðan krotað yfir þær samkvæmt venjulegu vinnulagi sínu og er það sérstaklega rækilega gert á titilsíðu *Kormáks söga*; sagan hefst hinum megin á sama blaði (sjá *Mynd 1*). *Arinbjarnarkviða* er hér vissulega ólæsileg en þó sést í brúna há- og síðleggi á stöfum eins og g, d, p, h og s sem standa upp úr eða niður úr svörtu krotinu. Þetta er nóg til að staðfesta að textinn er úr *Arinbjarnarkviðu* og einnig sjást ýmis einkenni uppskriftarinnar.²¹

19 Það sést ekki með auðveldum hætti hvaða texti þetta er.

20 Már Jónsson flokkaði handritin AM 587 b 4to og AM 555 í 4to með þeim ritum sem Ásgeir Jónsson skrifaði 1686–88, sbr. Már Jónsson, „Skrifarinn Ásgeir Jónsson,“ 285.

21 Sjá dæmi um árangursríkan lestur á texta undir yfirkroti Árna hjá Peter Springborg, „Hvad



Mynd 1. Fjórar langlínur. Erindaskil eru táknuð með því að byrja línu framar. Í efstu línunni er orðið „heipt“ sett í ferhyrning. Í ferhyrningi þar fyrir aftan er „dū“ úr kviðum og í byrjun annarrar línu stendur „mz“ fremur en „med“. Í lok þriðju línu sjást leggir orðsins býr og fremst í fjórðu línu er stafurinn s. Hvergi er að sjá strík í stafnum d (fyrir ð). Í gegnum blaðið sést í upphaf Kormáks sögu í spegilskrift. Efst í hæggra horni sést blaðsíðutalið 279 (þar fyrir neðan stendur „554“). Sjá texta í Viðauka. Ljósmynd: handrit.is.

4. Ályktanir sem draga má af yfirkrotaða textanum


Textinn sem Árni krotaði yfir er síðari helmingur 21. erindis og fyrri helmingur 22. erindis. Þessi uppskrift hefur því sama niðurlag og kviðan í 146 og er þannig í útgáfu Finns Jónssonar (hér er skrifað í langlínunum):²²

háði leiddr né heiptkviðum
með atgeirs auðar toptir.
Hinn 's fégrimmr, es í Fjörðum býr,
sá 's of-dolgr Draupnis niðja,


Á Myndum 2a og 2b er sýnt hvernig þessar línur líta út í ÍB 169 og í AM 146. Í Viðauka er textinn skrifaður upp.

man kan hitte paa,“ í Silvia Hufnagel et al., ritstj., *Matthías saga digitalis 6.0: Festschrift for Matthew Driscoll on the Occasion of his Sixtieth Birthday 15th May 2014* (stafræn útgáfa, 2014). Tilraun mín til þess að nota sömu tækni á þann texta sem hér er til umfjöllunar bar ekki árangur.

22 *Den norsk-íslandske skjaldedigtning*, útg. Finnur Jónsson, 4 b. (A1–2, B1–2) (Kaupmannahöfn: Gyldendal, 1912–15), B1:41.



Mynd 2a. Í ÍB 169 er ekki notað *ð* og lesháttur er við orðið fégrimmr („fegrimmr“). Erindaskil eru óvenjuleg eins og í AM 554 f. Sjá texta í Viðauka. Ljósmynd: handrit.is



Mynd 2b. Í AM 146 er notað *ð*, nema í orðinu „hade“. Lesháttur við fégrimmr vantar eins og í AM 554 f. Sjá texta í Viðauka. Ljósmynd: handrit.is.

Árni Magnússon segir, sbr. tilvitnuð orð hans, að rithönd Ásgeirs Jónssonar sé á AM 554 f. Orð hans vega þungt um þetta en rétt er þó að benda á að sumt sem sést á *Mynd 1* minnir lítið á skrift Ásgeirs á *Mynd 2b*. Sérstaklega minnir stafurinn *s*, sem sést í byrjun síðustu langlínu á *Mynd 1*, ekki á sama staf á *Mynd 2b*.²³

Enginn efnislegur munur er á textanum á *Myndum 2a* og *2b* en munur er á rithætti orða eins og dæmigert er fyrir muninn á ÍB 169 og AM 146.

²³ Um stafinn *s* í skrift Ásgeirs, sjá einnig Jon Gunnar Jørgensen, *The Lost Vellum Kringla*, þýð. Siân Grønlie, Bibliotheca Arnarnagnæana, 45. b. (Kaupmannahöfn: Reitzel, 2007), 237.

Í 169 er orðið „kviðum“ skrifað með „d“ og „u“ með nefbandi en í 146 er skrifað „ð“ og „um“. Í 169 er orðið *með* skrifað „mz“ en í 146 er skrifað „með“. Það sem stendur í 554 líkist „mz“. Á síðu 99v í *Möðruvallabók* er stafurinn ð hvergi notaður og því er fylgt í 169. Í 146 er hann skrifaður eins og í nútímastafsetningu (eins og sést á meðfylgjandi myndum). Í 146 eru m.a. orðin *heiptkviðum*, *auðar*, *fjörðum* og *niðja* rituð með ð. Í 554 sést talsvert í leggina á d í þessum orðum en hvergi sést strik í gegnum þá.

Í 554 er notuð sama aðferð til að sýna erindaskil og í uppskriftinni í 169, en þar eru þau táknuð með því að fyrsta langlína erindis byrjar fremst í línu en aðrar langlínur eru inndregnar (sjá *Mynd 2a*). Þetta er óvenjuleg aðferð. Í 146 notaði Ásgeir Jónsson hins vegar algenga aðferð við erindaskil með fyrstu línu inndregna (sjá *Mynd 2b*). Eyjólfur Björnsson notaði sömuleiðis hefðbundna aðferð í *Stjörnu-Odda draumi*, sem var í öðrum bókarhluta líkt og *Arinbjarnarkviða*. Erindaskil í 554 benda því til náinna tengsla við 169. Erindaskil eins og þau sem viðhöfð eru í 169 hentuðu vel til að skrifa upp *Arinbjarnarkviðu* eftir *Möðruvallabók*.²⁴ Þar var textinn svo máður að sums staðar var erfitt að greina nokkuð nema hástafi, sem jafnan eru skýrari en aðrir stafir, en með þeim mátti giska á fyrstu orð erinda og skrifa þau fremst í línu. Þetta átti sérstaklega við um textann í neðri helmingi síðari dálks. Guðbrandur Vigfússon sá sömu hástafi og birti í útgáfu sinni á kviðunni 1883 og þeir hafa líklega verið greinilegri á dögum Árna og skrifara hans.²⁵

Framantalin atriði sýna að uppskriftin í AM 554 f sem send var til Noregs var lík uppskriftinni í ÍB 169, en sama texta vantaði í hana og vantar í AM 146 (sjá *Viðauka*). Það sem vantar er niðurlagið (átta vísuorð og upphafsorð fjögurra erinda) og leshátt við orðið *fégrimmr*, en ekki eru leshættir við önnur orð í þessum hluta kviðunnar.

24 Í ÍB 169 eru upphafsorð fjögurra erinda sem vantar til viðbótar við vísuorðin átta í AM 146. Sjá *Viðauka* og grein mína „Arinbjarnarkviða — varðveisla“, 23–24, með samanburði við lestur Guðbrands og það sem sést á innrauðum myndum.

25 Á þessu er undantekning varðandi upphaf 24. erindis, sjá Þorgeir Sigurðsson, „Arinbjarnarkviða – varðveisla“, 24.

5. Niðurstöður

Yfirkrotuð vísuorð úr niðurlagi *Arinbjarnarkviðu* eru varðveitt í einu handrita *Kormáks sögu*, AM 554 f 4to. Þau eru leifar af uppskrift kviðunnar allrar sem líklega var gerð 1687–88 í Kaupmannahöfn af skrifara Árna Magnússonar í bók sem send var til Noregs. Vitað er að í Noregi var *Arinbjarnarkviða* skrifuð inn í handrit *Egils sögu* AM 146 fol. eftir uppskrift frá Árna og gera verður ráð fyrir að hér séu leifar hennar yfirkrotaðar. Leifarnar hafa sama texta í lokin og uppskriftin í AM 146 fol., sem er í samræmi við kenningu Michael Chesnutt um að Árni hafi látið útbúa afrit *Arinbjarnarkviðu* sem var styttra en kviðan í ÍB 169 4to, öðru pappírshandriti kviðunnar. Það litla sem sést af afritinu er að öðru leyti líkt kviðunni í 169.

Yfirkrotuðu vísuorðin stóðu upphaflega í bók eða handriti sem skrifað var af Eyjólfvi Björnssyni og Ásgeiri Jónssyni fyrir Árna Magnússon, en þeir voru saman að störfum í Kaupmannahöfn einungis á áðurnefndu árabili, 1687–88. Uppskriftin í 169 getur ekki verið skrifuð löngu fyrir þann tíma. *Möðruvallabók*, sem geymir kviðuna á skemmdu blaði og stendur að baki uppskriftum, kom ekki til Kaupmannahafnar fyrr en 1684 og Tómas Bartholín, vinnuveitandi Árna, eignaðist bókina 1685 á meðan Árni var á Íslandi 1685–86²⁶ og hefur trúlega beðið hann að láta skrifa upp úr henni. Í fyrirsögn kviðunnar í 169 segir að hún sé skrifuð eftir *Möðruvallabók* og Árni virðist segja hið sama um kviðuna sem fór til Noregs í 554 f. Orð hans gætu bent til að hann hafi talið þá kviðu vera jafngildi kviðunnar í 169 og að hún gæti komið í hennar stað. Það sem nú sést af kviðunni í 554 f bætir engu við um efni *Arinbjarnarkviðu* Egils Skalla-Grímsssonar en niðurlagið styður skýringu Chesnutt á því hvers vegna uppskriftin í 146 er efnisminni en uppskriftin í 169. Þetta minnkar óvissu um tengsl þessara uppskrifta og eykur um leið vægi 169.

Líklegustu staðsetningu 554 f í uppskriftasögu *Arinbjarnarkviðu* má því sýna þannig í samræmi við skýringu Chesnutt:

Möðruvallabók → ÍB 169 → AM 554 f → AM 146

26 Már Jónsson, *Árni Magnússon*, 49.

6. Viðauki: Niðurlag *Arinbjarnarkviðu* í elstu pappírsuppskriftum

Táknið ' er hér notað fyrir margs konar bönd (er-band, ri-band og fleiri). Í ÍB 169 er „g'mr“ skrifað í hægri spássíu en valkostirnir „nlot“, „e“ og „o“ eru skrifaðir á milli lína ofan við viðkomandi orð eða staf.

Texti í ÍB 169 4to sem vantar í AM 554 4to er hér skáletraður. Valkosturinn „g'mr“ virðist ekki vera í AM 554 f (sjá *Mynd 1*). AM 146 hefur aðeins „feg'nri“, sem er verri kosturinn.

ÍB 169 4to (sjá *Mynd 2a*)

haðe leiðð' ne heipt k'ðū
 mz at geirf aud' tuptir.
 Hiñ e' feg'nrī er i fiordū byr
 fa e' ofðolgr draupinf niðia.
fokunavtr sonar hinna
hngū hmot' niot' haðf' ue^ogandi.
 Hann allðr teig ū eiga gat
 fioliaiñ f'ði fpiollū.

AM 146 fol. (sjá *Mynd 2b*)

haðe leiðð' ne heipt k'ðum
 með at geirf aðar tuptir
 g'mr| Hiñ e' feg'nri e' i fiordum byr
 fa e' ofðolg' draupnif niðia

Nu e'

Segeð

Ok

Ok

[Ek f' ef i flej]

[Línur eru auðar á milli erinda. Síðustu orðin eru óskiljanleg og ekki er víst að þau séu upphaf erindis eða rétt skrifuð hér. Endað er neðst á síðu. Upphaf tveggja erinda vantar og næstu síður eru auðar.]

HEIMILDASKRÁ

HANDRIT

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík

AM 132 fol. (<i>Möðruvallabók</i>)	AM 483 4to
AM 146 fol.	AM 587 b 4to
	AM 554 f 4to
AM 359 a 4to	AM 555 í 4to

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, Reykjavík

ÍB 169 4to

FRUMHEIMILDIR

- Arne Magnussons i AM. 435 a–b, 4to indeholdte håndskriftfortegnelser med to tillæg.* Útg. Kristian Kålund. Kaupmannahöfn: Jørgensen & Co., 1909.
- Corpus poeticum boreale: The Poetry of the Old Northern Tongue from the Earliest Times to the Thirteenth Century.* Útg. Guðbrandur Vigfússon. 2 b. Oxford: Clarendon Press, 1883.
- Den norsk-islandske skjaldedigtning.* Útg. Finnur Jónsson. 4 b. (A1–2, B1–2). Kaupmannahöfn: Gyldendal, 1912–15.
- Egils-saga, sive Egilli Skallagrímii Vita.* Útg. Guðmundur Magnússon og Grímur Jónsson Thorkelín. Kaupmannahöfn: Kommissionen for det Arnamagnæanske legat, 1809.
- Egils saga Skallagrímssonar.* 3 b. 1. b., *A-redaktionen.* Útg. Bjarni Einarsson (og Michael Chesnutt). Editiones Arnamagnæanæ, röð A. 19. b. Kaupmannahöfn: Reitzel, 2001.
- Egils saga Skallagrímssonar tilligemed Egils större kvad.* Útg. Finnur Jónsson. Samfund til udgivelse af gammel nordisk litteratur. 17. b. Kaupmannahöfn: Samfund til udgivelse af gammel nordisk litteratur, 1886–88.
- Heiðreks saga: Hervarar saga ok Heiðreks konungs.* Útg. Jón Helgason. Samfund til udgivelse af gammel nordisk litteratur. 48. b. Kaupmannahöfn: Samfund til udgivelse af gammel nordisk litteratur, 1924.

FRÆÐIRIT

- Bjarni Einarsson. „Om den Arnamagnæanske kommissions udgave af *Egils saga Skallagrímssonar* (1809).“ *Gripla* 21 (2010):7–18.
- Chesnutt, Michael. „On the Structure, Format and Preservation of *Möðruvallabók*.“ *Gripla* 21 (2010):147–68.

- Jørgensen, Jon Gunnar. *The Lost Vellum Kringla*. Þýð. Siân Grønlie. Bibliotheca Arnarmagnæana. 45. b. Kaupmannahöfn: Reitzel, 2007.
- Már Jónsson. „Skrifarinng Ásgeir Jónsson frá Gullberastöðum í Lundarreykjadal.“ Í Guðmundur Jónsson, Helgi Skúli Kjartansson og Vésteinn Ólason, ritstj. *Heimtur: Ritgerðir til heiðurs Gunnari Karlssyni sjötugum*, 282–97. Reykjavík: Mál og menning, 2009.
- . *Árni Magnússon: Ævisaga*. Reykjavík: Mál og menning, 1998.
- Springborg, Peter. „Hvad man kan hitte paa.“ Í Silvia Hufnagel et al., ritstj. *Matthias saga digitalis 6.0: Festschrift for Matthew Driscoll on the Occasion of his Sixtieth Birthday 15th May 2014*, 91–105. Stafræn útgáfa, 2014.
- Þorgeir Sigurðsson. „Arinbjarnarkviða – varðveisla.“ *Són* 11 (2013):13–33.

SUMMARY

Arinbjarnarkviða – A Transcript from Árni Magnússon.

Keywords: *Arinbjarnarkviða*, *Möðruvallabók*, Árni Magnússon.

The only medieval source of the tenth-century poem *Arinbjarnarkviða* is a page in the fourteenth-century manuscript *Möðruvallabók*. This page can no longer be read without technical aid and then only partially. Most of it was transcribed in the late seventeenth century, however. Until recently, it has been assumed that a transcript in AM 146 fol., written in Norway around 1690–97, is the oldest transcript of the poem. Another, slightly longer transcript does exist however in ÍB 169 4to. The author has recently argued that this is the oldest transcript. In 2010, Michael Chesnutt, as an explanation for the missing text in AM 146, proposed that a shorter version of the poem had been prepared and sent to Norway by Árni Magnússon, who doubted the authenticity of the longer version of the poem. In this article, it is argued that the remains of a third seventeenth-century transcript of *Arinbjarnarkviða* in AM 554 f 4to supports Chesnutt’s explanation. This transcript can be dated to 1687–88.

Þorgeir Sigurðsson
Háskóla Íslands
Árnagarði við Suðurgötu
IS-101 Reykjavík
thorgsi@outlook.com

Errata: In the printed version there were two instances where the name Chesnutt was incorrectly spelled that have been corrected here, these were on page 130 (first instance) and on page 138 (last instance).